

SAMPYKKT

fyrir veiðifélag Slétthlíðinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Slétthlíðinga, Fellshreppi.
Heimili þess og varnarþing er Fellshreppur, Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrolleifsdalsá, Langalæk, Skálará og Sléttuhlíðarvatni, en þær eru Glæsibær, Fell, Tjarnir, Bræðraá, Kráksstaðir, Geirmundarhóll, afréttarland Fellshr., (þar í talið Þverá og Klón, sem að hálfu er í einkaeign), Arnastaðir I og Arnastaðir II, Skálá, Hraun, Syðsti-Hóll (sameinaður Hrauni), Miðhóll og Keldur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur yf rumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir 15. október ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélagið Kolku.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélagið Kolka. Heimili þess og varnarþing er á Hólum.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hjaltadalsá, Kolbeinsdalsá og Kolku en þær eru: Melstaður, Marbæli, Teigur, Kross, Stóragerð, Hlíðarendi, Sleitustaðir I, Sleitustaðir II, Sigtún, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær, Skriðuland, Kolbeinsdals-afrétt, Fjall, Unastaðir, Neðri-Ás, Efri-Ás I, Efri-Ás II, Laufskálar, Víðines, Hólar, Reykir, Hvammur, Hrafnhóll, Hlíð, Kálfsstaðir Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, Skúfsstaðir, Garðakot, Viðvík, Ásgarður, Kolkuós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær maður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.